



Framkvæmda- fréttir 14. tbl. / 10



Nú er sá árstími sem fuglalíf er í mestum blóma. Það er því ástæða til að minna öikumenn á að fara varlega þar sem vegur liggur um fuglavarp. Myndin er tekin á Skagavegi (745) við Hraun á Skaga.

Norræna vegasambandið 75 ára

Þann 19. júní sl. fagnaði Norræna vegasambandið 75 ára afmæli sínu. Það var stofnað í Stokkhólmi þann dag árið 1935. Stofnríkin voru Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð. Færeyjar urðu síðan fullgildur meðlimur árið 1975.

NVF er ekki sérlega vel þekkt utan fólks sem vinnur að vegagerð á Norðurlöndunum þrátt fyrir háan aldur sam-

bandsins. Innan þess fer eigi að síður fram gífurlega mikið starf en sambandið er fyrst og fremst vettvangur fyrir norrænu ríkin til að skiptast á þekkingu á öllu því er kemur að vegagerð, viðhaldi vega, þjónustu, umferðaröryggi o.s.frv.

Innan NVF eru starfandi 16 norrænar tækninefndir. Hver nefnd á að bakhjarli samskonar nefnd í löndunum sex. Færeyingar og Íslendingar taka þátt í því starfi eins og kostur er en eru ekki þátttakendur í öllum nefndum. Þannig eru það ansi margir sem koma að starfi nefndanna, og skipta þeir mörgum tugum sem eru að baki hverri nefnd. Í heild eru um 800 fullgildir meðlimir í NVF. Sjá frekar á heimasíðu sambandsins, www.nvfnorden.org.

Nefndirnar fjalla um til dæmis brýr, jarðgöng, umferðaröryggi, slitlag, aðgengi, tölvuumsjónarkefi o.s.frv. Eða í raun allt sem snýr að nútíma vegagerð.

Það eru verktakar í vegagerð, ráðgjafar á verkfræðistofum, starfsmenn vegagerðanna og fleiri slíkir á Norðurlöndunum sem taka þátt í starfi NVF.



Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 14. tbl. 18. árg. nr. 546 5. júlí 2010

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-
framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt,
útboðsauglysingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og
samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem
verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka.
Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða.
Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og
áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

Norræna vegasambandið og uppbygging þess í 16 tækni-nefndir byggir á sama fyrirkomulagi og hjá Alþjóða vegasambandinu PIARC (www.piarc.org) sem fagnaði 100 ára afmæli sínu í fyrra. Líkt og hjá PIARC heldur NVF stóra ráðstefnu á fjögurra ára fresti. Via Nordica er hún kölluð og verður hún næst haldin í Reykjavík í júní 2012 undir yfirskriftinni Á krossgötum.

Það verður í fyrsta sinn sem ráðstefnan er haldin hér á landi og í raun er það nýja ráðstefnuhúsið, Harpan, sem gerir það mögulegt en reikna má með að 1200 – 1500 gestir sækji ráðstefnuna á Íslandi.

Pá er það einnig í fyrsta sinn í 75 ára sögu sambandsins sem Ísland leiðir starfið og er Hreinn Haraldsson vegamálastjóri formaður NVF á tímabilinu 2008 – 2012. Og þar af leiðandi einnig fulltrúi allra Norrænu ríkjanna á vettvangi alþjóðasambandsins PIARC.



Í þessu blaði eru auglýst 9 útboð vetrarþjónustu víðsvegar um landið.



„Samgöngulega séð var Ísland mjög einangrað árið 1935 og því merkilegt að landið hafi frá upphafi tekið þátt í starfi Norræna vegasambandsins“, segir Hreinn Haraldsson vegamálastjóri. „Það er óhætt að segja að þátttakan hefur verið óhemju mikilvægt fyrir tæknilegar framfarir í vegagerð á Íslandi öll þessi 75 ár. Það hefur oft skipt sköpum að þekkingu persónulega til lykilmanna á hinum ýmsu sviðum vegagerðar annarsstaðar á Norðurlöndunum. Auk þess hefur þátttakan ekki eingöngu opnað glugga út til Norðurlanda heldur líka áfram út hinn alþjóðlega heim vegagerðar,“ bætir hann við.

Umhverfissráðuneytið úrskurðar um frestum á aðalskipulagi Skagafjarðar vegna færslu Hringvegar

(Þessi frétt birtist á vegagerdin.is 28.6.2010)

Það er niðurstaða umhverfissráðuneytisins að fresta beri staðfestingu hluta aðalskipulags sveitarfélagsins Skagafjarðar hvað varðar legu Hringvegar á um 15 km kafla sem er nærri Varmahlíð.

Ráðuneytið tekur undir sjónarmið Skipulagsstofnunar og Vegagerðarinnar í þessu sambandi og beinir þeim tilmælum til sveitarfélagsins og Vegagerðarinnar að leitað verði leiða til að finna lausn á því hvar vegurinn geti legið. En um er að ræða 6 km styttingu á Hringveginum og aukið umferðaröryggi en sveitarfélagið leggur áherslu á mikilvægi þjónustu og verslunar.

Skipulagsstofnun hafði lagt til við umhverfissráðherra að hluta skipulagsins yrði frestað vegna óska Vegagerðarinnar um nýja legu Hringvegarins.

Úrskurðinn í heild má sjá með þessari frétt á vegagerdin.is

Auglýsingar útboða

Vetrarþjónusta 2010 - 2013, ¹⁰⁻⁰³² Hellið - Fróðárheiði - Breiðavík

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í vetrarþjónustu á Snæfellsnesi á eftirtöldum leiðum:

- Útnesvegur (574),
Hellið - Fróðárheiði 14,5 km
- Snæfellsnesvegur (54),
Útnesvegur um Fróðárheiði 14,7 km
- Útnesvegur (574),
Snæfellsnesvegur - Laugarvatn 20 km
- Arnarstapavegur (5710),
Útnesvegur - höfn 1,4 km

Helstu magntölur, á ári, eru:

Snjómokstur og hálkuvörn
með vörubíl 9.944 km
Biðtími vélamanns 50 klst.

Verki skal að fullu lokið 30. apríl 2013.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 5. júlí 2010. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 20. júlí 2010 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur (1),

Breiðdalsvík – Djúpvogur 10-028

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í snjómokstur og hálkuvarnir með vörubifreiðum, ásamt upplýsingagjöf, á Hringvegi (1), frá Breiðdalsvík til Djúpavogs.

Helstu magntölur, á ári, eru:

Snjómokstur og hálkuvörn
með vörubílum 5.350 km

Verktími er frá 15. október 2010 til og með 15. maí 2013.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 5. júlí 2010. Verð útboðsgagna 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 20. júlí 2010 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Vetrarþjónusta 2010 - 2013, 10-029 Hringvegur (1), Djúpvogur – Höfn

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í snjómokstur og hálkuvarnir með vörubifreiðum, ásamt upplýsingagjöf, á Hringvegi (1), frá Djúpavogi til Hafnar í Hornafirði.

Helstu magntölur, á ári, eru:

Snjómokstur og hálkuvörn
með vörubílum 9.000 km

Verktími er frá 15. október 2010 til og með 15. maí 2013.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 5. júlí 2010. Verð útboðsgagna 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 20. júlí 2010 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur (1), Höfn – Öræfi 10-030

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í snjómokstur og hálkuvarnir með vörubifreiðum, ásamt upplýsingagjöf, á Hringvegi (1), frá Höfn í Hornafirði að sýslumörkum Vestur-Skaftafellssýslu á Skeiðarásandi.

Helstu magntölur, á ári, eru:

Snjómokstur og hálkuvörn
með vörubílum 9.650 km

Verktími er frá 15. október 2010 til og með 15. maí 2013.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 5. júlí 2010. Verð útboðsgagna 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 20. júlí 2010 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur (1),





Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Djúpvegur (61), Reykjanesskjálur - gangamunni í Hnífsdal 10-038

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í vetrarþjónustu á Djúpvegi milli Reykjanesskjálur og gangamunna í Hnífsdal.

Helstu magntölur, á ári, eru:

Snjómokstur og hálkuvörn með vörubíl 38.000 km

Verktími er frá 1. október 2010 til og með 30. apríl 2013.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 6. júlí 2010. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudeginum 20. júlí 2010 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Einarssstaðir - Biskupsháls 10-022

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í vetrarþjónustu í Suður-Pingeyjarsýslu árin 2010 - 2013 á eftirtöldum leiðum:

- Hringvegur(1)
Einarssstaðir - Mývatnsvegur 23 km
- Hringvegur (1)
Mývatnsvegur - Mývatnsvegur 16 km
- Hringvegur (1)
Mývatnsvegur - Biskupsháls 47 km
- Mývatnsvegur (848)
Hringvegur - Hringvegur 20 km


Helstu magntölur, á ári eru :

Snjómokstur og hálkuvörn með vörubílum 20.978 km

Verkinu skal að fullu lokið 30. apríl 2013.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 5. júlí 2010. Verð útboðsganga er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudeginum 20. júlí 2010 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Auglýsingar útboða

Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Siglufjarðarvegur 10-036

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í vetrarþjónustu á Norðvestursvæði á eftirtöldum leiðum:

- Sauðárkróksbraut (75),
Sauðárkrókur - Narfastaðir 14 km
- Siglufjarðarvegur (76),
Narfastaðir - Siglufjörður 80 km
- Hólavegur (767), 11 km

Helstu magntölur á ári eru:


- Snjómokstur og hálkuvörn
með vörubílum 33.083 km
- Vörubílstjórar í biðtíma 50 klst.

Verki skal að fullu lokið 30. apríl 2013.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarsíðu 8 á Sauðárkróki og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 5. júlí 2010. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 20. júlí 2010 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Kross - Lón í Kelduhverfi



1. Hringvegur (1)
Kross – Aðaldalsvegur 14 km
2. Norðausturvegur (85)
Hringvegur – Húsavík 44 km
3. Norðausturvegur (85)
Húsavík – Lón í Kelduhverfi 39 km
4. Aðaldalsvegur (845)
Hringvegur – Norðausturvegur 17 km
5. Kísilvegur (87)
Hvammavegur – Norðausturvegur 18 km

Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Siglufjarðarvegur



1. Sauðárkróksbraut (75),
Sauðárkrókur - Narfastaðir 14 km
2. Siglufjarðarvegur (76),
Narfastaðir - Siglufjörður 80 km
3. Hólavegur (767), 11 km

Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Kross - Lón í Kelduhverfi 10-020

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í vetrarþjónustu í Suður-Píngeyjarsýslu árin 2010 – 2013 á eftirtöldum leiðum:

- Hringvegur (1)
Kross – Aðaldalsvegur 14 km
- Norðausturvegur (85)
Hringvegur – Húsavík 44 km
- Norðausturvegur (85)
Húsavík – Lón í Kelduhverfi 39 km
- Aðaldalsvegur (845)
Hringvegur – Norðausturvegur 17 km
- Kísilvegur (87)
Hvammavegur – Norðausturvegur 18 km

Helstu magntölur, á ári, eru :

- Snjómokstur og hálkuvörn
með vörubílum 51.039 km
- Verkinu skal að fullu lokið 30. apríl 2013.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 5. júlí 2010. Verð útboðsganga er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 20. júlí 2010 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hvammstangi - Blönduós



Auglýsingar útboða

Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hvammstangi - Blönduós 10-035

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í vetrarþjónustu á Norðurlandi vestra á eftirtöldum leiðum:

Hvammstangavegur (72),
Hvammstangi – Hringvegur 5,0 km
Hringvegur (1),
Hvammstangavegur – Blönduós 52,9 km

Helstu magntölur, á ári, eru:

Snjómokstur og hálkuvörn
með vörubíl 12.319 km


Verki skal að fullu lokið 30. apríl 2013.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 5. júlí 2010. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 20. júlí 2010 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Múlavegur í Fljótsdal (934), Langhús - Glúmsstaðir II

Í þessu blaði eru birtar niðurstöður útboðs vegagerðar á Múlavegi í Fljótsdal, sjá hér til hliðar. Þetta verk er alfarið fjármagnað af sveitarfélaginu en Vegagerðin sér um framkvæmdina.





Hringvegur (1), Hnausakvísl - Stóra Giljá. Útboð endurbóta á þessum vegi er auglýst í þessu blaði. Þessi framkvæmd verður kynnt nánar í næsta blaði. Mynd: Hafdís E. Jónsdóttir, 22.05.2010.

Niðurstöður útboða

Múlavegur í Fljótssdal (934),

Langhús - Glúmsstaðir II 10-051

Tilboð opnuð 29. júní 2010. Endurgerð á 5,6 km kafla á Múlavegi í Fljótssdal á Fljótssdalshéraði.

Helstu magnþölur eru:

Fylling úr skeringum	20.200 m ³
Neðra burðarlag	12.000 m ³
Efra burðarlag	2.300 m ³
Tvöföld klæðing	25.000 m ²
Frágangur fláa	25.000 m ²

Verki skal að fullu lokið 1. júlí 2011.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
---	Áætlaður verktakakostnaður	43.200.000	100,0	11.970
6	KNH ehf., Ísafirði	41.729.379	96,6	10.499
5	Jónsmenn ehf., Egilsstöðum	40.000.000	92,6	8.770
4	Vélaleiga Sigga Þór ehf. og Vélaleiga JHS ehf., Egilsstöðum	37.187.845	86,1	5.958
3	P.S. verktakar ehf., Egilsstöðum	35.194.560	81,5	3.964
2	Ylur ehf., Egilsstöðum	33.409.859	77,3	2.180
1	Myllan ehf., Egilsstöðum	31.230.280	72,3	0

Auglýsingar útboða

Hringvegur (1),

Hnausakvísl - Stóra-Giljá 10-050

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í styrkingu og breikkun Hringvegar á um 5,68 km löngum kafla frá Hnausakvísl að Stóru-Giljá.

Helstu magnþölur eru:

Skering	18.100 m ³
Fylling	9.800 m ³
Fláafleygar	12.200 m ³
Ræsalögn	116 m
Endafrágangur ræsa	16 stk.
Neðra burðarlag	10.200 m ³
Efra burðarlag	8.000 m ³
Tvöföld klæðing	48.500 m ²

Breikkun vegfyllinga og neðra burðarlags auk lengingu ræsa skal lokið 15. nóvember 2010.

Lagningu klæðingar skal lokið fyrir 29. júní 2011

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 15. júlí 2011.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi, Borgarsíðu 8 á Saudárkróki og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 5. júlí 2010. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 20. júlí 2010 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár	Opnað:
10-003 Vetrarþjónusta 2010 - 2014, Rangárvallasýsla og Flói	10	
10-007 Styrkingar á Suðursvæði 2010	10	
10-014 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2010, Vestfirðir	10	
10-023 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Norðausturvegur(85), Raufarhafnarfleggjari - Fell	10	
10-024 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Bakkafljórdur og Vopnafljórdur	10	
10-025 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, vegir á Fljótsdalsþénaði	10	
10-021 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Norðausturvegur (85), Lón - Raufarhöfn	10	
10-012 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2010, Vesturland	10	
10-006 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2010	10	
10-039 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Djúpvegur, Vestfjarðavegur í Reykhólasveit -Reykjanes	10	
Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
10-036 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Siglufjarðavegur	05.07.10	20.07.10
10-050 Hringvegur (1), Hnausakvísl - Stóra-Giljá	05.07.10	20.07.10
10-032 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hellissandur - Fróðarheiði - Breiðavík	05.07.10	20.07.10
10-035 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Hvammstangi - Blönduós	05.07.10	20.07.10
10-038 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Djúpvegur, Reykjanes - gangamunni í Hnífsdal	05.07.10	20.07.10
10-028 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Breiðdalsvík - Djúpvogur	05.07.10	20.07.10
10-020 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Kross - Lón í Kelduhverfi	05.07.10	20.07.10
10-022 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Einarstaðir - Biskupsháls	05.07.10	20.07.10
10-029 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Djúpvogur - Höfn	05.07.10	20.07.10
10-030 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Höfn- Örnefi	05.07.10	20.07.10
10-052 Ræsi í Flóahreppi 2010	28.06.10	13.07.10
10-027 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Suðurfjarðavegur (96)	28.06.10	13.07.10
10-019 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Eyjafjörður að vestan	28.06.10	13.07.10
10-026 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Norðfjarðavegur	28.06.10	13.07.10
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
10-051 Múlavegur í Fljótsdal (934), Langhús - Glúmsstaðir II	14.06.10	29.06.10
10-011 Festun og yfirlögn á Hringvegi (1) 2010	14.06.10	29.06.10
10-049 Lagfæringar vega við Markarfljótsbrú	07.06.10	22.06.10

Útboð á samningaborði, framhald	Auglýst:	Opnað:
10-048 Hafnarfjarðavegur (40), aðreinar	07.06.10	22.06.10
10-041 Reykjanesbraut (41), hringtorg við Grænás	07.06.10	22.06.10
10-031 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Vesturland, suðurhluti	07.06.10	22.06.10
10-016 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2010, malbik	07.06.10	22.06.10
10-018 Hringvegur (1) um Fjarðará í Lóni	25.05.10	08.06.10
10-013 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2010, Norðurland vestra	10.05.10	26.05.10
10-001 Viðhald malarvega á Suðursvæði 2010, vegheflun	10.05.10	26.05.10
09-034 Hringvegur (1) - tvöföldun, Fossvellir -Draugahlíðar	08.03.10	20.04.10
Samningum lokið	Opnað:	Samið
10-004 Yfirlagnir á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2010, klæðing Bikun ehf., kt. 600509-1010	04.05.10	29.06.10
09-035 Kringlumýrarbraut (40), rampi og undirgöng við Bústaðaveg Urð og grjót ehf., kt. 580199-2169	01.06.10	25.06.10

Niðurstöður útboða

Festun og yfirlögn

á Hringvegi (1) 2010 ¹⁰⁻⁰¹¹

Tilboð opnuð 29. júní 2010. Festun með froðubiki eða sementi ásamt lögn á tvöfaldri klæðingu á Hringvegi í Vestur Húnavatnssýslu og Eyjarfjarðarsýslu 2010.

Um er að ræða 3 vegkafla, alls um 9,75 km.

Helstu magntölur eru:

Festun með froðubiki eða sementi . . . 76.100 m²

Tvöföld klæðing 79.100 m²

Verki skal að fullu lokið 1. september 2010.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
Bikfestun			
--- Áætlaður verktakakostnaður	214.939.000	100,0	7.040
1 Borgarverk ehf., Borgarnesi	207.899.000	96,7	0
Sementsfestun			
--- Áætlaður verktakakostnaður	170.976.000	100,0	4.125
1 Borgarverk ehf., Borgarnesi	166.851.000	97,6	0